

**98. fundur  
fræðslunefndar  
haldinn í fundarsal á 3. hæð,  
miðvikudaginn 15. apríl 2009 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Björn Sverrisson formaður, Katrín Pálsdóttir, Erna Guðmundsdóttir, Birna Sævarsdóttir, Hrefna Frímannsdóttir, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þorsteinsdóttir skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi leikskólakennara, Birna Á. Þorsteinsdóttir, foreldraráði leikskóla, Kristín Sigurðardóttir, foreldraráði grunnskóla og Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Arna Sædal Andrésdóttir.

**Dagskrá:**

**1. 0904024 - Skýrsla Gunnars um starfið í grunnskólanum**

- Aprílþing GSS.  
Lagðir fram.
- Breytingar á vinnu nemenda í 10. bekk í maí. Engin samræmd próf verða lögð fyrir í ár hjá 10. bekk skv. ákvörðun menntamálaráðuneytis.
- Vinna GSS að hugsanlegri færslu 1. – 4. bekkjar næsta haust. Gunnar greindi frá undirbúningsvinnunni, hún er í fullum gangi.
- Önnur mál.
  - ✓ Fundur hjá Skólastjórafélagi Vesturlands er framundan, þann fund mun Gunnar sitja.
  - ✓ Gunnar fjallaði um sjálfsmat Grunnskólans í Stykkishólmi og lagði fram grein sem mun birtast í Stykkishólmspóstinum á morgun, fimmtudag 16. apríl 2009 um sjálfmatið.

Fyrirspurn: Við flutning 1. - 4. bekkjar að Borgarbraut 6, þarf ekki að endurskipuleggja leiksvæðið? Reynt verður að skipuleggja leiksvæðið eftir bestu getu með það í huga að gera megi ráð fyrir því að byggingarvinna hefjist innan árs á skólasvæðinu við Borgarbraut.

Fyrirspurn: Er þetta tilraun í ár að sleppa samræmdu prófunum eða er þetta eitthvað sem komið er til að vera? Komið til að vera. Nemendur í 10. bekk koma til með að þreyta próf í upphafi haustannar eins og 4. og 7. bekkur.

## 2. 0904023 - Skýrsla Sigrúnar um starfið í leikskólanum

- Foreldraviðtölin búin, gengu mjög vel og flest allir mættu.
- Opið hús verður á sumardaginn fyrsta frá 10:30 – 12:30.
- Erum byrjaðar að undirbúa starfið næsta vetur. Einhverjar breytingar verða eins og alltaf, en ekkert er ákveðið enn.
- Vorskólinn verður 13. – 15. maí.
- Útskrift elstu barna verður svo seinnipartinn í maí eða 27. maí.
- Ekki er búið að fastsetja heimsóknir talmeina- og sálfræðings fyrir sumarfríð en mjög líklega eiga þeir eftir að koma einu sinni.

Skóladagatal (grunnskóla og leikskóla) fyrir næsta vetur er í vinnslu og vonandi er hægt að leggja dagatölin fram á næsta fundi fræðslunefndar.

## 3. Önnur mál.

- Flutningur alls starfs GSS í núverandi húsnæði að Borgarbraut 6 (mál nr. 0903028) vísað til umsagnar í fræðslunefnd.

Umsögn fræðslunefndar:

Fræðslunefnd fagnar hugmynd Gunnars og starfsfólks grunnskólans um flutning alls starfs GSS í núverandi húsnæði að Borgarbraut 6 og leggur til að vinnan við þennan flutning haldi áfram og verði að veruleika.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.05.**